

Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla. Fundur haldinn þann 29. ágúst

Kringlunni 4-12

Mættir: Arnar Björnsson, Björn Ásbjörnsson, Elsba Dánjalsdóttir, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Heiðar Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir og Sigurlaug Gissurardóttir

Fundaritari: Freygerður Anna Ólafsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Dagskrá vetrarins
3. Skipting dósasöfnunar milli árganga
4. Námskynningar
5. Foreldrarölt

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Varaformaður: Arnar Björnsson

Ritari: Freygerður Anna Ólafsdóttir

Röltfulltrúi: Heiðar Ásberg Atlason

Tengiliður bekkjafulltrúa 1.-4. bekkur: Halla Björg Evans

Tengiliður bekkjafulltrúa 5.-7. bekkur: Linda Björk Hilmarsdóttir

Tengiliður bekkjafulltrúa 8.-10. bekkur: Sigurlaug Gissurardóttir

2. Dagskrá vetrarins

- Fulltrúaráðsfundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn 3. eða 4. október. Bryndís Jónsdóttir frá Heimili og skóla mun koma og halda kynningu fyrir bekkjarfulltrúa.
- Spilakvöld 23. október í umsjón Arnars Björnssonar.
- Fræðslufyrirlestur fyrir foreldra í október eða nóvember. Lög verður áhersla á samskipti foreldra og barna.
- Aðventuganga/stund miðvikudaginn 5. desember
- Fulltrúaráðsfundur með bekkjarfulltrúum miðvikudaginn 30. janúar
- Spilakvöld í febrúar í umsjón Arnars Björnssonar
- Páskabingó fimmtudaginn 4. apríl
- Aðalfundur fimmtudaginn 2. maí
- Vorhátíð 22. maí

3. Skipting dósasöfnunar milli árganga

- 9. bekkur september – desember

- 7. bekkur desember – febrúar
- 10. bekkur febrúar - maí

Stjórn mælist til að bekkjafulltrúar ákveði í byrjun vetrar hvaða daga verði farið að safna. Ákveði árgangur að nýta ekki söfnunartímabil sitt gefst hinum bekkjardeildum færi á að safna á því tímabili. Sömuleiðis bendir stjórn bekkjafulltrúum þeirra árganga sem eru að fara í ferðir á vegum skólans að stofna fjáröflunarnefnd innan bekkjanna með 3-4 fulltrúum.

4. Námskynningar

- 4. september Unglingastig k.l 8:10
- 11. september 5.-7. bekkur k.l 8:10
- 11. september 2.-4. bekkur kl. 8:40
- 12. september 1. bekkur kl. 18:00

Fulltrúar frá stjórn foreldrafélagsins munu mæta á námskynningar og kynna starfsemi foreldrafélagsins.

5. Foreldraröltið

Veitt eru verðlaun fyrir mætingu í foreldrarölt skólaárið 2017-2018

- 1. sæti 6. H með 65%
- 2. sæti 10. N með 53%
- 3. sæti 6. Ú með 48%

Rölt verður föstudaga og laugardaga september, október og í apríl en aðra mánuði skólatímabilsins verður einungis rölt á föstudögum. Hver bekkur röltir einu sinni fyrir utan 10. bekk sem röltir tvisvar sinnum yfir tímabilið.

Stjórn röltir fyrstu helgina í september.

6. Húsnæðismál og staða

Nokkrir stjórnarmenn fóru á fund með fulltrúum Kópavogsbæjar í júní 2018 til að ýta á eftir því að þær húsnæðisbreytingar sem gera átti í sumar yrði lokið fyrir upphaf skólaárs nú í haust. Húsnæðið er ekki tilbúið en verið er að leggja lokahönd á verkið.

Varðandi fyrirbyggjandi húsnæðisvanda næsta haust munu fulltrúar stjórnar hitta fulltrúa bæjarins 30. ágúst.

7. Fundur með Ágústi skólastjóra Hörðuvallaskóla

Að venju verður óskað eftir fundi með Ágústi nú á næstu vikum til að fara yfir komandi skólaár.

8. Önnur mál

Stjórn barst fyrirspurn um hvort hægt væri að endurvekja ávaxtastund. Stjórn mun koma ósk þar að lútandi áfram til Ágústar skólastjóra og mælast til að kannaður verði frekar áhugi hjá foreldrum.

Verkefni

Húsnæði fyrir fulltrúaráðsfund 3. eða 4. okt	Arnar Björnsson ath Hk sal
Spilakvöld 23. október	Arnar Björnsson
Fræðslufyrirlestur í október eða nóvember	Björn Ásbjörnsson ræðir við Kvan ráðgjafafyrirtæki
Námskynning 4. sept Unglingastigið kl 8:10	Heiðar Ásberg Atlason og Linda Hilmarsdóttir
Námskynning 11. sept 5.-7. bekkur kl 8:10	Marta Sigurjónsdóttir og Arnar Björnsson
Námskynning 11. sept 2.-4. bekkur kl 8:40	Heiðar Ásberg Atlason og Halla Björg Evans
Námskynning 12. sept 1. bekkur kl 18:00	Marta Sigurjónsdóttir og Linda Björk Hilmarsdóttir
Verðlaun fyrir foreldrarölt	Heiðar Ásberg Atlason
Óska eftir fundi með Ágústi	Marta Sigurjónsdóttir
Fundur með fulltrúum bæjarins vegna húsnæðismála Hörðuvallaskóla	Marta Sigurjónsdóttir, Arnar Björnsson, Atli Þorbjörnsson og Linda Hilmarsdóttir